

# STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1999

4. janúar 1999

1

Nr. 1

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi frá birtingu.

Frá og með 4. janúar 1999 verður gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 555 18. október 1996, með áorðnum breytingum, sem hér segir:

#### 1. Notendagjöld:

Orkugjald Dalvík .....	kr.	32,05 pr. m <sup>3</sup>
Orkugjald Árskógsströnd .....	kr.	53,30 pr. m <sup>3</sup>
Mælagjald .....	kr.	11,51 pr. dag
Lokunargjald .....	kr.	2.202

#### 2. Tengigjöld:

Lágmarksgjald miðað við 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	114.089
Gjald fyrir hús umfram 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	143

*Iðnaðarráðuneytinu, 4. janúar 1999.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*

2. janúar 1999

Nr. 2

## REGLUGERÐ

### um útgáfu húsbrefa á árinu 1999 fyrir Íbúðalánasjóð.

#### 1. gr.

Félagsmálaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli laga um húsnæðismál nr. 44/1998, að Íbúðalánasjóður haldi áfram útgáfu 1. og 2. flokks húsbrefa 1998, sem hófst á árinu 1998 skv. reglugerð nr. 4/1998 og með síðari breytingu nr. 638/1998. Í samræmi við 6. mgr. 52. gr. laga nr. 44/1998 tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, öllum eignum, skyldum og skuldbindingum Húsnæðisstofnunar ríkisins og verður því útgefandi húsbrefanna.